

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hveragerðisbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar:

- a) þann 21. ágúst 2008 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi við Laufskóga 32-40, Hveragerði. Breytingin felur í sér heimild til að byggja borholuhús á borholuplani innan svæðisins.
- b) þann 12. febrúar 2009 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Kjarrheiði og Valsheiði. Breytingin felur í sér stækkun lóða nr. 1, 2, 15 og 18 við Valsheiði.
- c) þann 12. febrúar 2009 samþykkt breytingu á raðhúsahverfi við Arnarheiði. Breytingin felur í sér stækkun lóðar nr. 20-24, íbúðir nr. 25 og 29 fá bílskúrsrétt fyrir bílgeymslu allt að 36,5 fermetra að flatarmáli og viðbygging við íbúð nr. 14 er sett inn í deiliskipulag.

Breytingarnar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi áður samþykktar deiliskipulagstillögur fyrir sömu svæði samþykktar í bæjarstjórn a) 11. maí 2000, b) 4. júlí 2002 og c) 24. júní 1993.

Hveragerði, 9. mars 2009.

Guðmundur F. Baldursson, skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.

B-deild – Útgáfud.: 23. mars 2009